



Minnisblað - Tónlistarfélag Ísafjarðar – fasteignagjaldastyrkur

Þann 26. júní 1997 var gerður samstarfssamningur milli bæjarstjórnar Ísafjarðar og Tónlistarfélags Ísfjarðar þar sem fram kemur að bæjarstjórn innheimti ekki lóðarleigu né fasteignagjöld af húsnæði tónlistarskólans. Á árunum 1999-2005 voru þjónustugjöld því lögð á eign félagsins að Austurvegi 11 á Ísafirði.

Á árinu 2018, var samningurinn þó endurtúlkaður og talið að þjónustugjöld hefðu jafnframt átt að falla undir samninginn. Greiðslur áranna á undan voru því gerð upp og veittur styrkur vegna ársins 2018 samtímis.

Vegna þessa óskýrleika í samningi frá 1997 var jafnframt bókað á 1031. fundi bæjarráðs, 24. september 2018, að bæjarstjóra væri falið að vinna að nýju samkomulagi við Tónlistarskóla Ísafjarðar varðandi styrk vegna fasteignagjalda.

Enginn samningur komst á en bæjarstjórn samþykkti á 467. fundi sínum, 17. desember 2020 að veita styrk fyrir árin 2019 og 2020, auk þess sem samþykkt var á 1180. fundi bæjarráðs þann 13. desember 2021 að veita styrk vegna gjalda 2021.

Á árinu 2021 voru drög að nýjum styrktarsamningi gerð, en ákveðið að bíða með samþykkt hans vegna beiðnar Tónlistarfélagsins til Ísafjarðarbæjar um yfirtöku húsnæðisins (sjá mál 2020120005). Sú beiðni var afturkölluð og liggur því fyrir að gera nýjan og skýrari samning um styrk vegna þeirra fasteignagjalda sem lögð eru á tónlistarskólans.

Óskað er því eftir því að bæjarstjórn samþykki samning um árlega styrkveitingu í tíu ár vegna fasteignagjalda, þ.e. fasteignaskatts, lóðarleigu og þjónustugjalda sem innheimt eru samtímis.